

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garði.

Deiliskipulag við Garðskagavita.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Garðs þann 14. júlí 2004 samþykkt deiliskipulag við Garðskagavita.

Deiliskipulagið tekur til svæðis við Garðskagavita.

Deiliskipulag við Sunnubraut 4.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Garðs þann 14. október 2004 samþykkt deiliskipulag við Sunnubraut.

Deiliskipulagið tekur til lóðarinnar Sunnubraut 4.

Deiliskipulag Útgarði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Garðs þann 3. september 2003 samþykkt deiliskipulag við Útgarð.

Deiliskipulagið tekur til íbúðabyggðar við Útgarð.

Greinargerðir og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulögin öðlast þegar gildi.

Garði, 13. desember 2004.

Páll Svavar Pálsson, byggingarfulltrúi Garðs.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 1994-2014, Drangsnæs.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps, frá 4. janúar 1996.

Breytingin felst í því að hluti af opnu svæði til sérstakra nota við bergdranginn Kerlingu er breytt í svæði fyrir opinberar stofnanir.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 8. desember 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.